



Umhverfis- og heilbrigðisráð  
Borgartún 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. september 2021  
Tilvísun: 2021090199

## Efni: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi rannsóknir á þungmálmamengun í Nýja Skerjafirði

Vísað er til fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 16. júní 2021 og vísað var til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER). Fyrirspurnin er svohljóðandi: "*Nú hefur komið í ljós að jarðvegurinn í Nýja Skerjafirði er olíumengaður. Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eða aðrar eftirlitsstofnanir rannsakað hvort jarðvegmengun í formi þungamálmanna finnist á svæðinu? Ef ekki, telur HER þörf á slíkri rannsókn?*"

Haft var samráð við HER í aðdraganda skipulagsvinnu og mælti HER með því að fram færu rannsóknir á jarðvegmengun í ljósi sögu svæðisins. Árið 2018 var framkvæmd jarðvegskönnun og mengunarrannsóknir á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði í Nýja Skerjafirði í tengslum við skipulagsvinnu. Mældir voru þungmálmur og olíuefni. Niðurstöður er að finna í skýrslu Eflu verkfræðistofu, Jarðkönnun og mengunarrannsóknir í Skerjafirði, frá 29. janúar 2019. Þar sem í ljós kom mengun á svæðinu var ákveðið að höfðu samráði við HER að fara í frekari rannsóknir á svæðinu til að kortleggja svæðið betur og meta magn mengaðs jarðvegs. Þær rannsóknir fóru fram árið 2021 og niðurstöður þeirra eru í skýrslu Eflu verkfræðistofu, Framhaldsrannsókn og magntaka, frá 7. september 2021, með fylgigögnum. Í báðum rannsóknum greindust þungmálmur yfir heimilum mörkum á nokkrum sýnatökustöðum.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi